

Reykjavík 09.06.10

Umsókn um starfsleyfi fyrir flokkunarstöð Íslenska Gámafélagsins (Kt: 470596-2289) í Reykjanesbæ.

Sótt er um starfsleyfi fyrir rekstur flokkunarstöðvar að Berhólabraut 5 í Reykjanesbæ.
Lóðin er á skipulögðu iðnaðar og athafnasvæði.

Lóðin er alls 12.960m² að stærð staðsett við hlið Kölku, sorpeyðingarstöð suðurnesja. Aðgengi að lóðinni er takmarkað með girðingu að framan og jarðvegsmön á öðrum hliðum.

Á lóðinni stendur 557 m² flokkunarskemma þar sem óflokkaður úrgangur frá viðskiptavinum Íslenska Gámafélagsins er tekinn inn og flokkaður. Flokkunarstöðin verður ekki opin almenningi

Á lóðinni er gert ráð fyrir að geyma timbur til kurlunar sem síðan verður flutt til endanlegrar förgunar. Einnig verður safnað á svæðinu brotamálmum til flutnings. Uppsöfnun hráefna er eingöngu í þeim tilgangi að gera flutninga efnanna hagkvæmari.

Á svæðinu verður eftirfarandi starfsemi.

Sorpflokkun.

Flokkun á sorpi frá einstaklingum, sveitarfélögum, stofnunum og fyrirtækjum á Reykjanesi með það að markiði að lágmarka urðun úrgangs og hámarka endurvinnslu hráefna. Óflokkað sorp verður tekið inn í flokkunarskemmu (557m² stálgrindarhús) og endurvinnanleg hráefni skilin frá. Flokkunin mun fara fram með vinnuvélum og handafli. Eftir flokkun eru endurvinnsluhráefnin sett í krókgáma til flutnings. Sá hluti sorpsins sem ekki er endurvinnanlegur er fluttur í krókgámum í viðeigandi eyðingu.

Flokkunarstöðin verður ekki opin almenningi heldur verður eingöngu um að ræða úrgang sem safnast frá viðskiptavinum fyrirtækisins.

Geymslusvæði

Á lóðinni er gert ráð fyrir að safna brotamálmum og timbri til að ná sem mestri hagræðingu í flutningi þessara efna til endurvinnslu. Söfnun þessara hráefna verður still í hóf en leitast við að flytja hráefnið sem mest jöfnum höndum. Stærri farmar af brotajárni og timbri sem berast til fyrirtækisins eru fluttir beint til Reykjavíkur til flokkunar og úrvinnslu.

Ekki er gert ráð fyrir vinnslu brotajárns á svæðinu. Brotajárni verður safnað saman og flokkað að einhverju leiti. Ekki verður tekið á móti bílhræjum til förgunar á svæðinu heldur er eingöngu um að ræða málma sem lausir eru við spilliefni. Gert er ráð fyrir að mesta magn brotamálma á svæðinu verði um 100 tonn. Heildar söfnun brotamálma gæti orðið um 840 tonn á ári.



Timbri verður safnað á svæðinu til kurlunar. Bæði verður safnað lituðu og ólituðu timbri. Einhver flokkun timburs verður á svæðinu en það verður í litlu mæli. Timbrið verður síðan kurlað á svæðinu til að hámarka nýtingu flutningstækja sem flytja það til endanlegrar förgunar eða endurvinnslu. Til að kurlun timbursins verði sem hagkvæmust þarf að safna upp nokkru magni timburs en ekki er gert ráð fyrir að heildamagn timburs á svæðinu fari yfir 200 tonn.

Spilliefni

Íslenska Gámafélagið rekur heilstæða þjónustu við fyrirtæki stofnanir og sveitarfélög um úrgangsmál og inni í því er móttaka á hættulitlum spilliefnum svo sem rafgeymum og rafhlöðum. Móttakan er eingöngu fólgin í því að spilliefnin eru sett í spilliefnakör og flutt til viðurkenndra ráðstöfunaraðila til endanlegrar förgunar eða endurvinnslu. Ekki mun eiga sér stað nein flokkun eða meðhöndlun spilliefna á staðnum.

Magntölur

Gert er ráð fyrir að heildar magn hvers mánaðar gæti orðið um 416 tonn eða alls um 4.980 tonn á ári. Áætluð skipting milli hráefna er gefin upp í eftirfarandi töflu.

Flokkur	Tonn/mán	Tonn/ár
Brennanlegt	60	1.200
Bylgjupappi	65	360
Dekk	7	84
Gler og postulín	15	180
Gróft timbur	20	360
Gifs	40	480
Járn	70	840
Steinefni	15	180
Timbur	120	1.260
Rafgeymar og batterí	3	48
Alls tonn á ári		4.992

Þvottaplan

Á lóð fyrirtækisins er þvottaplan sem notað er til að þrifa bíla og gáma fyrirtækisins. Á planinu er bæði heit og kalt vatn. Planið er steipt og niðurföll af planinu eru leidd í olíu og sandgildru (sjá meðf. teikn).

Verkstæði

Á yfirlitsmynd af lóðinni má sjá að gert er ráð fyrir verkstæðishúsi. Búið er að teikna þjónustuhús með verkstæði og skrifstofum á lóðina en ekki verður ráðist í byggingu þess að svo stöddu.

Mengunarvarnir

Helstu mengun frá starfseminni er útblástur vinnuvéla í skemmu og á starfssvæði utandyra ásamt hugsanlegum olíuleka frá vélum í skemmu og á þvottaplani. Gerðar hafa verið




ráðstafanir varðandi lekamengun frá flokkunarskemmu og þvottaplani. Í flokkunarskemmu eru niðurfallsrennur í gólfi eftir endilangri byggingunni með sandfangi sem tengdar eru olíuskilju fyrir utan hús.

Affal frá þvottaplani er tengd sandskilju (sjá meðfylgjandi teikningu) og olíuskilju.

Varðandi loftmengun frá vinnuvélum í flokkunarskemmu þá eru vinnuhurðir ávalt hafðar opnar er verið er að vinna við flokkun en ekki er vélræn loftun í húsinu.

Nánari upplýsingar

Teikningar af flokkunarstöð og mengunarvarnarbúnaði fylgir umsókninni ásamt lóðaruppdrætti. Einnig fylgir umsókninni teikningar af jarðvegsmön í kringum lóðina sem unnin var í samvinnu við heilbrigðiseftirlit svæðisins. Ennfremur fylgir umsókninni samþykkt aðalskipulag Reykjanesbæjar og deiliskipulag svæðisins.



F.h. Íslenska Gámafélagið